

# Launaframtal - Stofn til tryggingagjalds

Á árinu 2014 verða skil einstaklinga í rekstri og lögaðila á launaframtali með eftirfarandi hætti:

- Skattskyldum lögaðilum skv. 1. kafla laga nr. 90/2003 ber að gera grein fyrir gjaldstofni tryggingagjalds á 6. síðu skattframtals rekstraraðila **RSK 1.04** og eiga þeir því **ekki** að skila hinu hefðbundna launaframtali **RSK 1.05**.
- Einstaklingar, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, og sem skila skattframtali á pappír, skulu skila launaframtali **RSK 1.05** á pappír, hafi þeir greitt laun eða framlag í lífeyrissjóð á árinu 2013.
- Lögaðilar, sem undanþegnin eru skattskyldu skv. 1. kafla laga nr. 90/2003, skila launaframtali sem hluta af skattframtali óskattskyldra lögaðila **RSK 1.06**.
- Hjá félögum með **annað reikningsár** en almanaksárið skal gjaldstofn tryggingagjalds miðast við launagreiðslur almanaksársins samkvæmt launamiðum. Sjá nánar á [www.rsk.is/atvinnurekstur/framtal-og-alagning/annað-reikningsar](http://www.rsk.is/atvinnurekstur/framtal-og-alagning/annað-reikningsar).

Launaframtal 2014 - Launagreiðslur 2013		Kennitala	
		0006	
Stofn til tryggingagjalds í staðgreiðslu		Stofn til tryggingagjalds utan staðgreiðslu	
Laun	+ 9600	Laun undanþegin staðgreiðslu	+ 9630
Ökutækjastyrkir	+ 9603	Reiknuð hlunnindi	+ 9636
Önnur laun	+ 9606	<b>Stofn til tryggingagjalds utan staðgreiðslu</b>	= 9650
Reiknað endurgjald	+ 9609		
Mótframlag í lífeyrissjóð	+ 9612		
Reiknuð hlunnindi	+ 9615	<b>Stofn til fjársýsluskatts utan staðgreiðslu</b>	0986
Staðgreiðsluskyldir dagpeningar	+ 9618		
Leiðrétting á stofni til tryggingagjalds í staðgreiðslu *	+/- 9621		
Launagreiðslur til erlendra starfsmanna með E101 vottorð	- 9623		
<b>Stofn til almenns tryggingagjalds í staðgreiðslu</b>	= 9625		

## 9600 Laun

Í þennan reit skal færa öll laun, þ.e. þau laun sem færa ber í reit 02 á launamiðum, sbr. leiðbeiningar um útfyllingu launamiða. Þetta er sama fjárhæð og færð er í reit 3030.

## 9603 Ökutækjastyrkir

Í þennan reit skal færa ökutækjastyrki, sem ber að færa í reit 16 á launamiðum, sbr. leiðbeiningar um útfyllingu launamiða. Þetta er sama fjárhæð og færð er í reit 3050.

## 9606 Önnur laun

Í þennan reit skal færa aðrar greiðslur til launamanna en þær sem færðar skulu í aðra reiti. Hér með eru taldar hvers konar greiðslur sem ganga beint til launamanns, s.s. vegna ýmiss útlagðs kostnaðar hans, sem skv. eðli sínu skal ekki færa annars staðar. Þetta er sama fjárhæð og færð er í reit 3070.

## 9609 Reiknað endurgjald

Hér færast reiknað endurgjald fyrir vinnu við atvinnurekstur eða starfsemi í samrekstri með öðrum eða vegna lágmarks-launa manns sem starfar hjá lögaðila, sameignarfélagi, hlutafélagi eða öðru félagi, sem hann er tengdur vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Þetta er sama fjárhæð og færð er í reit 3080.

## 9612 Mótframlag í lífeyrissjóð

Hér færast mótframlag launagreiðanda í lífeyrissjóð starfsmanna. Athugið að öll tillög í lífeyrissjóð (þ.e. hlutur launagreiðanda) færast hér. Þetta er sama fjárhæð og færð er í reit 3085.

## 9615 Reiknuð hlunnindi

Í þennan reit skal færa hlunnindi, sem reikna ber launamönnum til tekna skv. 5. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987 og sem ríkisskattstjóri hefur metið til verðs skv. 118. gr. skattalaga. Hér er t.d. um að ræða bifreiðahlunnindi, fæðishlunnindi og húsnæðishlunnindi. Þetta er sama fjárhæð og færð er í reit 3100.

## 9618 Staðgreiðsluskyldir dagpeningar

Hér færast þeir dagpeningar sem greiddir hafa verið á árinu og eru staðgreiðsluskyldir.

## 9621 Leiðrétting á stofni til tryggingagjalds í staðgreiðslu

Ef gera þarf leiðréttingu á fjárhæðum í reitum 9600 til 9615, til þess að ná fram réttum stofni til tryggingagjalds í staðgreiðslu, er leiðréttingin færð í þennan reit.

Sundurliðun eftir mánuðum á ofangreindum stofni til almenns tryggingagjalds í staðgreiðslu		Launagreiðslur vegna sjómennsku á fiskiskipum (einnig innifaldar í stofni til tryggingagjalds)		Sundurliðun eftir mánuðum - Launagreiðslur til erlendra starfsmanna með E101 vottorð		Stofn til fjársýsluskatts í staðgreiðslu	
Jan.	+ 9661	Jan.	+ 9681	Jan.	+ 9701	Jan.	+ 9721
Febr.	+ 9662	Febr.	+ 9682	Febr.	+ 9702	Febr.	+ 9722
Mars	+ 9663	Mars	+ 9683	Mars	+ 9703	Mars	+ 9723
Apríl	+ 9664	Apríl	+ 9684	Apríl	+ 9704	Apríl	+ 9724
Mai	+ 9665	Mai	+ 9685	Mai	+ 9705	Mai	+ 9725
Júní	+ 9666	Júní	+ 9686	Júní	+ 9706	Júní	+ 9726
Júlí	+ 9667	Júlí	+ 9687	Júlí	+ 9707	Júlí	+ 9727
Ágúst	+ 9668	Ágúst	+ 9688	Ágúst	+ 9708	Ágúst	+ 9728
Sept.	+ 9669	Sept.	+ 9689	Sept.	+ 9709	Sept.	+ 9729
Okt.	+ 9670	Okt.	+ 9690	Okt.	+ 9710	Okt.	+ 9730
Nóv.	+ 9671	Nóv.	+ 9691	Nóv.	+ 9711	Nóv.	+ 9731
Des.	+ 9672	Des.	+ 9692	Des.	+ 9712	Des.	+ 9732
Stofn til almenns tryggingagjalds í	+ 9675	Alls	= 9695	Alls	= 9715	Alls	= 9735

Gera skal grein fyrir sundurliðun þessara leiðréttinga í sundurliðunartöflu framtalsins.

#### 9623 Launagreiðslur til erlendra starfsmanna með E101 vottorð

Hér skal draga frá stofni til almenns tryggingagjalds í staðgreiðslu þau laun sem greidd eru til erlendra starfsmanna með E101 vottorð. Þessi laun eru innifalín í launafjárhæð í reit 9600. Þetta eru erlendir starfsmenn sem ekki eru tryggðir hér á landi skv. ákvæðum reglugerðar EBE nr. 1408/71/EBE. Launagreiðandi skal hafa í vörslu sinni E101 vottorð vegna hlutaðeigandi starfsmanna. Þessar greiðslur skal sundurliða niður á mánuði í reitum 9701 til 9712.

#### 9625 Stofn til almenns tryggingagjalds í staðgreiðslu

Hér færast stofn til almenns tryggingagjalds í staðgreiðslu, þ.e. samtala reita 9600 til 9623.

Athugið að fjárhæð í þessum reit á að stemma við samtölu sundurliðunar eftir mánuðum, í reit 9675.

#### 9630 Laun undanþegin staðgreiðslu

Hér skal færa öll laun sem eru undanþegin staðgreiðslu.

#### 9636 Reiknuð hlunnindi

Hér skal tilgreina fjárhæð þeirra hlunninda, sem ekki eru staðgreiðsluskyld en metin eru til tekna skv. skattmati, t.d. fatahlunnindi.

#### 9650 Stofn til tryggingagjalds utan staðgreiðslu

Hér færast stofn til tryggingagjalds utan staðgreiðslu, þ.e. samtala reita 9630 til 9636.

#### 9661 - 9672 Sundurliðun eftir mánuðum á stofni til almenns tryggingagjalds í staðgreiðslu

Í þessum reitum er stofni til almenns tryggingagjalds í staðgreiðslu skipt niður á þá mánuði sem hann tilheyrir.

#### 9675 Samtala mánaðasundurliðunar stofns til almenns tryggingagjalds í staðgreiðslu

Hér færast samtala reita 9661 til 9672.

Athugið að fjárhæð í þessum reit á að stemma við fjárhæðina í reit 9625.

#### 9681 - 9692 Sundurliðun eftir mánuðum á launagreiðslum vegna sjómennsku á fiskiskipum

Hér færast launagreiðslur vegna sjómennsku á fiskiskipum eftir mánuðum. Þessar fjárhæðir eru innifaldar í mánaðarsundurliðun á stofni til tryggingagjalds í reitum 9661 til 9672 og/eða reitum 9701 til 9712.

#### 9695 Alls

Hér færast samtala reita 9681 til 9692.

#### 9701 - 9712 Sundurliðun eftir mánuðum á launagreiðslum til erlendra starfsmanna með E101 vottorð

Hér er fjárhæðin í reit 9623 sundurliðuð eftir mánuðum.

#### 9715 Alls

Hér færast samtala reita 9701 til 9712. Athugið að fjárhæð í þessum reit á að stemma við fjárhæðina í reit 9623.

#### 9721 - 9735 Sundurliðun eftir mánuðum á stofni til fjársýsluskatts í staðgreiðslu

Hér skulu framteljendur sem eru skattskyldir til fjársýsluskatts skv. lögum nr. 165/2011 sundurliða stofn til fjársýsluskatts í staðgreiðslu eftir mánuðum.